


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 4	ÍSLE1FL05	Námsáætlun vorönn 2016

Kennari	Emilfa Baldursdóttir, Þórdís H. Jónsdóttir	Sk.st.	EMB, ÞHJ
----------------	--	---------------	----------

Tökum flugið!

Áfangi á 1. þrepi – Lestur og tjáning í ræðu og riti
Forkröfur: Einkunn að lágmarki 5.0 úr grunnskóla eða upprifjunaráfanga í VMA.

Áfangalýsing:

Í áfanganum verður fjallað um byggingu efnisgreina/ritsmíða. Rifjuð verða upp mismunandi hlutverk orðflokka í gerð setninga og málsgreina og hugtök sem að þessu líta. Nemendur þjálfast í notkun hjálpargagna og heimilda til að bæta eigin texta og efla stafsetningarkunnáttu. Lesnar verða smásögur og skáldsaga og farið í helstu bókmenntahugtök. Út frá sögunum verða unnin margvísleg ritunarverkefni t.d. endursagnir, útdrættir, leikgerð sögu og ritdómar. Einnig verða unnin önnur ritunarverkefni s.s. kynningar, viðtöl, atvinnuumsókn og ferilskrá. Verkefnum verður skilað ýmist í ræðu eða riti. Einnig verður lögð áhersla á ýmis konar lestur og framsögn. Í lok áfangans samþætta nemendur kunnáttu sína í framantöldum viðfangsefnum og vinna fjölbreytt verkefni að eigin vali sem reyna á frumkvæði, sköpun og sjálfstæð vinnubrögð.


Hæfniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grunnhugtökum ritgerðasmíða
- uppbyggingu ólíkra texta
- nokkrum tegundum bókmennta og nytjatexta
- helstu hugtökum sem nýtast í umfjöllun um bókmenntir
- helstu málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli
- orðaforða umfram það sem tíðkast í talmáli
- notkun hjálpargagna og heimilda og mati á gildi heimilda
- helstu atriðum sem varða framsögn

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa ýmsa nytjatexta í samfelldu máli með skýrri og skipulagðri framsetningu
- nýta leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn til að leiðrétta eigin texta
- draga saman aðalatriði í fyrirlesturum og ritmáli og taka saman stuttar endursagnir
- leita upplýsinga úr heimildum og nýta á viðeigandi hátt
- lesa sér til gagns og gamans texta sem gera nokkrar kröfur til lesenda og skilja algengt líkingamál og orðatiltæki <http://malfar.arnastofnun.is/?p=5930>
- beita algengustu bókmenntahugtökum
- flytja eigið efni og annarra af ýmsu tagi
- nota algeng stílbrögð í tal- og ritmáli

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	ÍSLE1FL05 Námsáætlun vorönn 2016	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 4		

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- semja stutta texta af ýmsu tagi með viðeigandi málfari
- túlka og meta atburðarás og persónur í bókmenntum eða annars konar frásögnum
- halda uppi samræðum og rökstyðja eigin fullyrðingar, ákvarðanir eða skoðanir á málefnalegan hátt
- stunda tungumálanám t.d. með því að nýta sér orðasöfn og algengustu málfræðihugtök
- beita mismunandi blæbrigðum og málsniði í tal- og ritmáli til að forðast einhæfni og endurtekningar
- styrkja eigin málfærni, t.d. með því að nýta ýmis konar handbækur
- vinna skapandi verkefni í tengslum við námsefnið

Námsgögn:

ÍSLE1FL05 - Tökum flugið, les- og vinnuhefti (fæst á skrifstofu VMA)

Kjörbækur: Nemendur velja eina af eftirtöldum bókum:

Hjálp eftir Þorgrím Þráinsson

Nóttin langa eftir Stefán Mána

Afturelding eftir Viktor Arnar Ingólfsson


Myndin í speglinum eftir Ragnheiði Gestsdóttur

Viðbótarefni frá kennara

Áætlun um yfirferð:

1. lota 6.1.-19.2. (1.-7. almanaksvika, 6,5 vikur) **Ritun, hagnýt og skemmtileg skrif**

Lotan hefst á kynningu á áfanganum og könnun á stöðu nemenda í leshraða, lesskilningi og ritun. Þá verður farið í hugtökin setning, málsgrein, efnisgrein, lykilorð og skiptingu texta í inngang, meginmál og lokaorð. Í tengslum við þetta verða rifjuð upp mismunandi einkenni og hlutverk orðflokka í gerð setninga og málsgreina. Auk þess verður unnið með einkenni tal- og ritmáls, markmið texta og ólíka viðtakendur og stílfæringar. Ýmis ritunarverkefni verða unnin til þjálfunar á ofangreindum atriðum; kynningar, fréttir, stuttar frásagnir, útdrættir, sendibréf o.fl. Nemendur fá þjálfun í nýtingu orðabóka og annarra uppsláttarrita. Einnig verður farið í uppsetningu ferilskrár og starfsumsóknar.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Sampykkt: HJS		
Síða 3 af 4	ÍSLE1FL05	Námsáætlun vorönn 2016

Tilteknum verkefnum safna nemendur í möppu til námsmats og **gilda þau verkefnaskil 5%** af annareinkunn. Í lok lotunnar verður ritunarverkefni, sem byggir á ofangreindum þáttum, unnið í kennslustund án námsgagna og **gildir það 10%** af annareinkunn. Námsvinnan í lotunni er ýmist einstaklingsvinna, paravinna eða hópvinna en námsmatið er einstaklingsbundið. **Heildarvægi lotunnar er 15% af annareinkunn.** Nemendur hefja lestur kjörbókar, lestur sögunnar er að langmestu leyti heimavinna.

2. lota 22.2.-8.4. (8.-14. almanaksvika, 7 vikur (ath. þemavika og páskafrí koma inn í þessa lotu)) **Bókmenntavinna, að skapa og meta sköpun**

Farið verður í helstu hugtök í bókmenntagreiningu og notkun þeirra æfð á smásögum og kvikmynd. Út frá þessu efni verða einnig unnin ritunarverkefni: endursagnir, ritdómar, útdrættir, leikgerðir og/eða samin smásaga og/eða stuttmynd. Rifjuð verða upp helstu atriði er varða munnlegan flutning og nemendur flytja valin verkefni fyrir samnemendur og **gildir sá flutningur 7%** af annareinkunn. Námsvinnan og námsmatið í þessum hluta getur verið einstaklings-, para-, eða hópvinna. Í lok lotunnar skrifa nemendur bókarskýrslu um kjörbókina, þetta er einstaklingsvinna unnin í kennslustund en með námsgögn og **gildir 15%** af annareinkunn. **Heildarvægi lotunnar er 22% af annareinkunn.**


3. lota 11.4.-22.4. (15.-16. almanaksvika, 2 vikur) **Að færa rök fyrir máli sínu**

Nemendur vinna stutta rökfærsluritgerð og nýta þar kunnáttu sína úr fyrstu lotu annarinnar. Fyrst er unnin efnisgrind um valið efni, kennari skoðar og gefur leiðsagnarmat og síðan fullvinna nemendur ritgerðina sem **gildir 8%** af annareinkunn. Ritgerðin er einstaklingsvinna og efnisgrind og uppkast er unnið í kennslustundum. **Heildarvægi lotunnar er 8% af annareinkunn.**

4. lota 25.4.-9.5. (17.-18. almanaksvika, 2 vikur) **Uppskeruhátíð** (og upprifjun)

Nemendur fara í hópavinnu, 3 saman í hópi, og vinna skapandi verkefni í tengslum við það sem þeir hafa lært á önninni: ritun, nýtingu uppflertirita/tölvugagna, beitingu bókmenntahugtaka, munnlegan flutning o.fl. Nemendur geta valið um mismunandi skil á vinnunni: veggspjöld, glærur, vídeó o.fl. Í lok lotunnar sýna/flytja hóparnir vinnu sína og kynna verkefnið munnlega. Hópvinnan **gildir 10%** af annareinkunn, **6% verður mat kennara en jafningjamat hópanna 4%.** **Heildarvægi lotunnar er 10% af annareinkunn.**

Helstu atriði úr vinnunni á önninni rifjuð upp í lokin til undirbúnings lokaprófs ef tími vinnst til.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Sambýkkt: HJS		
Síða 4 af 4	ÍSLE1FL05	Námsáætlun vorönn 2016

Námsmat og vægi námsþátta:


Verkefnamappa	5%	Nemendur safna tilteknum verkefnum í möppu til námsmats. Einstaklingsmat.
Ritunarverkefni	10%	Ritunarverkefni unnið í kennslustund án námsgagna. Einstaklingsmat.
Munnlegur flutningur verkefna	7%	Nemendur flytja valin verkefni fyrir samnemendur. Einstaklings-, para-, eða hópvinna.
Bókarskýrsla um kjörbók	15%	Nemendur skrifa bókarskýrslu um kjörbók. Einstaklingsvinna unnin í kennslustund með námsgögnum.
Rökfærsluritgerð	8%	Nemendur skrifa rökfærsluritgerð með leiðsagnarmati kennara. Einstaklingsvinna unnin að verulegu leyti í kennslustundum.
Uppskeruhátíð – hópavinna	10%	Munnleg og skrifleg skil hópa í tengslum við skapandi verkefni. Mat kennara er 6% en jafningjamat hópanna 4%.
Lokapróf áfangans gildir 45% af annareinkunn.		Skriflegt einstaklingsmat án námsgagna. Próftími 90 mínútur.


Nemandi sem er veikur á prófdegi, eða við önnur vinnuskil, skal tilkynna það að morgni til skrifstofu skólans, annars missir hann próftökurétt sinn/rétt til skila. Þeir nemendur sem missa af prófum/tímaverkefnum, vegna gilda ástæðna, eiga kost á því að vinna það upp, að höfðu samráði við kennara, einhvern af næstu 5 kennsludögum eftir próf-/matsdag.

Símar og önnur snjalltæki eru óheimil í kennslustundum nema með leyfi kennara. Nemandi sem ekki virðir þessa reglu má búast við að honum verði vísað úr kennslustund, sbr. skólareglur.

Námsáætlun þessi er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning: 11/1 2016


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils